

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 180/2012

2012/EES/70/28

frá 28. september 2012

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2012 frá 13. júlí 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1149/2011 frá 21. október 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2042/2003 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði ⁽²⁾.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66q (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003) í XIII. viðauka við samninginn:

„– **32011 R 1149**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1149/2011 frá 21. október 2011 (Stjtið. ESB L 298, 16.11.2011, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1149/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2011 frá 19. desember 2011 ⁽³⁾, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 309, 8.11.2012, bls. 16, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 63, 8.11.2012, bls. 18.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 298, 16.11.2011, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 51, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 58.